

BORGARRÁÐ

Ár 2026, fimmtudaginn 17. september, var haldinn 5837. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:04. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Einar Þorsteinsson, Ari Edwald, Björg Magnúsdóttir, Bjarni Guðjónsson, Pétur Hafliði Marteinsson, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir og Skúli Helgason. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir og Silja Sóley Birgisdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ebba Schram, Heimir Snær Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum Pisa könnunarinnar 2025, stöðu barna í Reykjavík og stöðu barna af erlendum uppruna.

Arndís Steinþórsdóttir, Guðmundur Bjarki Þorgrímsson og Steinn Jóhannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. MSS26090030

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks þakkar starfsfólki borgarinnar fyrir góða og upplýsandi kynningu á niðurstöðum PISA 2025. Reykjavíkurborg býr yfir dýrmætri þekkingu og góðum gögnum sem skapa sterkan grunn til að greina stöðuna og hefja nýja sókn í skólamálum, sérstaklega þegar kemur að lesskilningi, vísindalæsi og stærðfræði. Niðurstöðurnar kalla á markviss viðbrögð. Frammistaða nemenda í Reykjavík hefur versnað frá 2022 í öllum þremur greinum PISA og þróunin síðasta áratuginn er sömuleiðis skýr. Á sama tíma eru mikilvægar undirstöður til staðar, meðal annars þegar kemur að þrautseigju, sjálfsstjórn í námi og stuðningi kennara. Sérstaka athygli vekur staða barna af erlendum uppruna. Gögnin sýna verulegan mun á grunnhæfni eftir bakgrunni nemenda, meðal annars í lesskilningi, stærðfræði og vísindum. Þessi gögn þarf að nýta til að greina betur hvar og hvenær í skólagöngunni stuðningur skilar mestum árangri. Því hefur sá meirihluti sem nú er við stjórnvölinn þegar hafið vinnu við að snúa vörn í sókn með mælanlegum markmiðum, snemmtækum viðbrögðum og kerfisbundinni eftirfylgni með námsárangri allra barna í Reykjavík.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýjasta PISA könnun sýnir að aðgerða er þörf í menntamálum landsins. Árangur nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúruvísindum er lakari en í síðustu könnun sem gerð var í heimsfaraldri og vonbrigði að þar hafi botni ekki verið náð. Ánægjulegt er að sjá að nemendur í Reykjavík standa sig almennt betur en nemendur annarra landshluta og skora hátt í þrautseigju, félagsfærni, stuðningi kennara og líðan en áhyggjuefni er að niðursveiflan er meiri á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum. Niðurstöðurnar sýna að færni nemenda með annað móðurmál en íslensku er mun minni en annarra nemenda. Ljóst er að innviðir okkar hafa ekki mætt lýðfræðilegum breytingum sem skyldi. Það rímar illa við þann veruleika að meirihlutinn velji að mæta áskorunum með því að leggja niður mannréttindaskrifstofu, alþjóðateymið og hverfamiðstöðvar sem hafa sérstaklega lagt sig fram um að mæta þörfum fjölskyldna af erlendum uppruna. Mikilvægt er að

rýna vandlega hvernig megi auka stuðning við kennara og færa þeim frekari bjargir til að styðja nemendur til að ná betri námsárangri. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að það er eitt stærsta jafnaðarverkefni menntakerfisins að tryggja að nemendur með innflytjendabakgrunn sitji við sama borð og jafnaldrar þegar kemur að aðgengi að gæðamenntun þar sem íslenskukunnátta er lykilatriði.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Algjör lausatök hafa verið í málaflakki íslensku sem annars tungumáls í alltof langan tíma. Úttekt á íslenskuverum Reykjavíkur sýndu að verulegur skortur er á samræmingu á innihaldi og áherslum ÍSAT kennslu ásamt því að ekki er til staðar mat og eftirlit með íslenskuverunum og ÍSAT kennslu. Skapa þarf skýra umgjörð til þess að tryggja börnum af erlendum uppruna jöfn tækifæri til náms. Jafnframt þarf að huga að mikilvægi læsis í leikskólum og hlutverki leikskólans í snemmtækri íhlutun. Þeir styrkleikar sem birtast í niðurstöðum Íslands á borð við félagsleg tengsl og öryggi í skóla endurspeglast ekki meðal nemenda af erlendum uppruna. Þeir eru ólíklegri til að upplifa sig tilheyra skólanum og finna sig örugg í skólastofum. Ljóst er að taka þarf mun betur utan um nemendur af erlendum uppruna bæði námslega en einnig félagslega.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. september 2026:

Lagt er til að borgarráð feli skóla- og frístundasviði að móta og leggja fram tillögur að aðgerðum sem miða að því að bæta námsárangur í lesskilningi, stærðfræði og vísindalæsi. Tillögurnar skulu fyrst lagðar fram í skóla- og frístundaráði og leikskóla- og daggæsluráði eigi síðar en fyrir lok nóvember næstkomandi og í framhaldi fyrir borgarráði og til umræðu í borgarstjórn.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Arndís Steinþórsdóttir og Steinn Jóhannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
MSS26090052

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýr meirihluti borgarstjórnar ætlar að snúa vörn í sókn í skólamálum með mælanlegum hætti og vinna að því að koma skólastarfi í Reykjavík í fremstu röð. Við viljum auka námsárangur barnanna okkar og að skólarnir séu eftirsóttir vinnustaðir. Niðurstöður PISA 2025 eru enn ein áminning um að úrbóta er þörf og kalla á tafarlaus og markviss viðbrögð. Þótt nemendur í Reykjavík nái að jafnaði betri árangri en nemendur á landsvísu er þróunin mikið áhyggjuefni. Á aðeins tíu árum hefur hlutfall nemenda sem ná grunnhæfni í lesskilningi lækkað úr 78% í 56%. Á sama tíma draga niðurstöðurnar fram mikilvæga styrkleika íslenskra nemenda. Þeir mælast sterkir í þrautseigju, félagslegum tengslum og sjálfstjórn í námi og upplifa mikinn stuðning kennara. Þar eru sterkar undirstöður sem hægt er að byggja á. Viðbrögðin mega ekki felast í enn einu tímabundnu átaki. Setja þarf skýr og mælanleg markmið, greina stöðu nemenda snemma, grípa hratt inn í þegar þeir dragast aftur úr og fylgja árangri kerfisbundið eftir. Meirihlutinn mun á næstunni bjóða kennurum og starfsfólki grunn- og leikskóla í Reykjavík ásamt foreldrum til samtals í Ráðhúsinu um það hvernig við getum saman mótað markvissar aðgerðir til framtíðar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja tillögu um að fagrað menntamála í borginni móti tillögur um aðgerðir til að bæta námsárangur í skólum borgarinnar í framhaldi af niðurstöðum nýrrar PISA könnunar. Tekið er undir áherslur í greinargerð um að byggt verði á gildandi menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem unnin var í þverpólitísku samráði með aðkomu allra helstu hagaðila í menntakerfi borgarinnar og framlagi innlendra og erlendra ráðgjafa í menntamálum. Slíkt víðtækt samstarf er forsenda varanlegs og raunverulegs árangurs í menntamálum, með áhersla á snemmtækan stuðning, virðingu fyrir fagmennsku kennara og annars starfsfólks, hagnýtingu aðferða sem studdar eru vönduðum rannsóknum og enn markvissari stuðningi við börn með annað móðurmál en íslensku. Þá er mikilvægt að byggja á þeim góða grunni sem niðurstöður PISA draga fram að börnum í íslenskum skólum líður almennt vel, þau treysta kennurum sínum vel og þar koma forgangspættir menntastefnunnar um félagsfærni, sjálfsábyrgð, heilbrigði, sköpun og læsi að góðum notum.

Áheyrnarfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að þessi tillaga komi til umræðu í skóla- og frístundaráði áður en sviðinu er falið að móta og leggja fram tillögur að aðgerðum sem miða að því að bæta námsárangur í lesskilningi, stærðfræði og vísindalæsi. Í skóla- og frístundaráði má meðal annars finna fulltrúa skólastjóra, kennara, foreldra grunnskólabarna og Reykjavíkurráðs ungmenna sem geta komið með dýrmæta innsýn í vinnuna sem er fram undan.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að unnið verði að aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna PISA könnunar. Sérstaklega er jákvætt að aðkoma leikskóla- og daggæsluráðs sé tryggð enda er leikskólinn fyrsta skólastigið. Tryggja þarf aðkomu sérfræðinga á sviði menntavísinda í vinnunni, sérstaklega læsissérfræðinga. Við eigum aragrúa af rannsóknum á kennsluaðferðum sem sýna árangur og því tímabært að framfylgja þeim inn í almennt skólastarf. Í framkvæmd er nauðsynlegt að efla bæði stuðningsúrræði fyrir börn sem það þurfa, styðja við faglegt starf kennara en einnig að fræða leiðbeinendur og stuðningsfulltrúa um þeirra hlutverk í námi barna. Samhliða aðgerðaráætlun í skólamálum þarf einnig að efla íslenskt málumhverfi almennt í samfélaginu.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 15. september 2026:

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnað verði til samtals um sókn Reykjavíkurborgar í leik- og grunnskólum við kennara og annað starfsfólk í leik- og grunnskóla. Vinnuna leiði Björg Magnúsdóttir forseti borgarstjórnar ásamt Bjarna Fritzsyni formanni skóla- og frístundaráðs og Sigrúnu Ástu Einarsdóttur formanni leikskóla- og daggæsluráðs, í samstarfi við skóla- og frístundasvið.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Arndís Steinþórsdóttir og Steinn Jóhannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
MSS26090053

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýr meirihluti borgarstjórnar ætlar að snúa vörn í sókn í skólamálum með mælanlegum hætti og vinna að því að koma skólastarfi í Reykjavík í fremstu röð. Við viljum auka námsárangur barnanna okkar og að skólarnir séu eftirsóttir vinnustaðir. Niðurstöður PISA 2025 eru enn ein áminning um að úrbóta er þörf og kalla á tafarlaus og markviss viðbrögð. Þótt nemendur í Reykjavík nái að jafnaði betri árangri en nemendur á landsvísu er þróunin mikið áhyggjuefni. Á aðeins tíu árum hefur hlutfall nemenda sem ná grunnhæfni í lesskilningi lækkað úr 78% í 56%. Á sama tíma draga niðurstöðurnar fram mikilvæga styrkleika íslenskra nemenda. Þeir mælast sterkir í þrautseigju, félagslegum tengslum og sjálfstjórn í námi og upplifa mikinn stuðning kennara. Þar eru sterkar undirstöður sem hægt er að byggja á. Viðbrögðin mega ekki felast í enn einu tímabundnu átaki. Setja þarf skýr og mælanleg markmið, greina stöðu nemenda snemma, grípa hratt inn í þegar þeir dragast aftur úr og fylgja árangri kerfisbundið eftir. Meirihlutinn mun á næstunni bjóða kennurum og starfsfólki grunn- og leikskóla í Reykjavík ásamt foreldrum til samtals í Ráðhúsinu um það hvernig við getum saman mótað markvissar aðgerðir til framtíðar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja tillögu um víðtækt samráð við hagaðila í menntakerfi borgarinnar sem hafi það að markmiði að móta sameiginlega framtíðarsýn í menntamálum. Tillaga meirihlutans gerir ráð fyrir samtali fulltrúa meirihlutans við kennara og annað starfsfólk leik- og grunnskóla en mikilvægt er að virkja fleiri aðila í þeirri vinnu. Eðlilegt er að fulltrúar fleiri fagstétta í skólaumhverfinu komi að vinnunni auk kennara, sem og fulltrúar skólastjóra, foreldra, nemenda, háskólasamfélagsins, frjálsra félagasamtaka sem tengjast málaflokknum og kjörnir fulltrúar allra flokka í borgarstjórn. Þar má gjarnan nýta vel heppnaða aðferðafræði sem beitt var við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar á síðasta áratug þar sem áhersla var lögð á þverpólitíska aðkomu og virkjun allra helstu hagaðila í menntakerfi borgarinnar. Menntamál eru einhver mikilvægasti málaflokkur almannabjónustunnar og sá vettvangur sem getur hvað best tryggt jöfnuð í samfélaginu meðal barna. Því er mikilvægt að vanda til verka þegar mótuð er framtíðarsýn í málaflokknum og gæta þá betur að því að styðja við bakið á nærsamfélagi fjölskyldna en gert var í hagræðingaraðgerðum meirihlutans, þar sem hverfamiðstöðvar voru lagðar niður, mannréttindaskrifstofa og alþjóðateymi sem öll höfðu mikilvægu hlutverki að gegna við að stuðla að auknum stuðningi við viðkvæma hópa og betri inngildingu fjölskyldna af erlendum uppruna í samfélagið.

Áheyrnarfulltrúi Vinstreisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstreisins telur mikilvægt að skóla- og frístundaráð og leikskóla- og daggæsluráð hafi einnig aðkomu að skipulagningu þessa samtals áður en það fer af stað. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun: Fagnað er því að unnið verði með niðurstöður PISA könnunar í samráði við kennara og annað starfsfólk í leik- og grunnskóla. Mikilvægt er að allir fulltrúa skóla- og frístundaráðs ásamt leikskóla- og daggæsluráðs eigi sæti á málstofunni svo hægt sé að vinna áfram með hugmyndir af dugnaði og í samvinnu. Við viljum öll styðja betur við nám barna og það er verk að vinna.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að unnið verði með niðurstöður PISA könnunar í samráði við kennara og annað starfsfólk í leik- og grunnskóla. Mikilvægt er að allir fulltrúa skóla- og frístundaráðs ásamt leikskóla- og daggæsluráðs eigi sæti á málstofunni svo hægt sé að vinna áfram með hugmyndir af dugnaði og í samvinnu. Við viljum öll styðja betur við nám barna og það er verk að vinna.

4. Lagt fram að nýju bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 7. júlí 2026, varðandi aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030, ásamt fylgiskjöllum, sbr. 12. liður fundargerðar borgarráðs frá 13. ágúst 2026. Jafnframt lögð fram umsögn velferðarráðs, dags. 7. september 2026 og umsögn skóla- og frístundaráðs dags. 7. september 2026.

Samþykkt.

Arndís Steinþórsdóttir og Steinn Jóhannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
MSS26070034

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og áheyrnarfulltrúar Vinstreisins og Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir styðja þær aðgerðir sem efla samstarf, samræma verklag og bæta upplýsingaflæði milli aðila sem vinna að farsæld barna. En taka þarf alvarlega gagnrýni Ríkisendurskoðunar á framkvæmd farsældarlaganna um að góð samhæfing skili takmörkuðum árangri ef þjónustu og úrræði skortir. Aðgerðir farsældarráðs þurfa að mæta þeim áskorunum sem barnafjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu glíma við. Mikilvægt er að farsældarráð taki mið af sjónarmiðum þeirra sem starfa á vettvangi um hvar stuðning eða úrræði skortir. Farsældarlögunum fylgdu klárlega væntingar foreldra um fjölgun úrræða fyrir börn með stuðningsþarfir sem ekki hefur verið mætt með fullnægjandi hætti. Fagnaðarefni er að ríkisstjórnin hækkar framlög til farsældar barna um á hálfan annan milljarð í fjárlagafrumvarpinu sem verður sérstaklega varið í úrræði, styttingu biðtíma og betri þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu. Mikilvægt er að gera ráð fyrir fjárheimildum í næstu fjárhagsáætlun borgarinnar. Fjallað er um menningarnæmi og millimenningarfærni í áætluninni en fjalla þarf líka um viðbrögð við rasisma. Þá þarf að tryggja áreiðanleika gagna þegar stuðst er við tæknina varðandi farsældarerindrekana. Á sama tíma er meirihlutinn í borgarstjórn að skera niður framlög til nærþjónustunnar í borginni með fjöldauppsögnum og óútfærðum skipulagsaðgerðum sem vega að grunni velferðar- og skólaþjónustu borgarinnar. Það er óheillaþróun sem vinda þarf ofan af.

5. Fram fer umræða um málefni Tækniskólans.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS26090059

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstreisins, dags. 17. september 2026:

Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að hefja samtal við stjórnendur Tækniskólans um að finna framtíðarstaðsetningu fyrir skólann í Reykjavík að undangenginni staðarvalsgreiningu og samgöngumati.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt að vísa tillögunni frá.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS26090056

7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. september 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að bjóða til sölu byggingarrétt íbúðarhúsaloðar við Hraunberg 1, Reykjavík, sem og samþykki tillögu að úthlutunar- og útboðsskilmálum lóðarinnar, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK26090195

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan felur í sér að byggingarréttur við Hraunberg 1 verði boðinn út vegna uppbyggingar á allt að 16 íbúðum ásamt þjónustu-, verslunar- eða samfélagsrými á jarðhæð. Jákvætt er að við útfærslu uppbyggingarinnar hafi verið tekið mið af samráði við íbúa og að tillagan hafi verið felld betur að nærumhverfinu. Byggingarmagn hefur verið minnkað verulega frá fyrri heimildum, grænt yfirbragð lóðarinnar skýrt betur og meiri áhersla lögð á gæði íbúða og sameiginlegra útisvæða. Einnig er jákvætt að bílastæði verði leyst innan byggingarreits í yfirbyggðu bílastæðahúsi og sameiginlegt garðrymi íbúa verði ofan á því. Þannig nýtist yfirborð lóðarinnar betur undir græn svæði og dvalarrými í stað bílastæða.

8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. ágúst 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að bjóða til sölu byggingarrétt íbúðarhúsaloðar við Suðurhóla 27, Reykjavík, sem og samþykki tillögu að úthlutunar- og útboðsskilmálum lóðarinnar, ásamt fylgiskjöllum. Málið var áður afgreitt sbr. 4. liður fundargerðar borgarráð frá 3. september en þá láðist að leggja fram úthlutunarskilmálana.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK26080410

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við Suðurhóla 27 er gert ráð fyrir 40 íbúðum, með áherslu á stærri fjölskylduíbúðir, raðhús og sérhæðir með eigin inngangi. Slíkar húsagerðir hafa verið af skornum skammti í nýrri uppbyggingu borgarinnar og mikilvægt er að auka fjölbreytni í húsnaðisframboði. Við fyrri meðferð málsins komu fram áhyggjur af þéttleika byggðar, bílastæðum og skerðingu grænna svæða. Þau sjónarmið þarf áfram að hafa að leiðarljósi við útfærslu verkefnisins. Sérstaklega er jákvætt að gert er ráð fyrir bílakjallara undir og milli húsa, með allt að 41 bílastæði neðanjarðar, fremur en að stærri hluti yfirborðs fari undir bílastæði. Jafnframt er gert ráð fyrir sameiginlegum inngarði og leiksvæði auk grænna svæða, göngustíga og blágrænna ofanvatnslausna. Mikilvægt er að vanda sérstaklega til þessara þátta og að áfram verði hlustað á sjónarmið íbúa um áhrif uppbyggingarinnar á nærumhverfi og þau útivistarsvæði sem fyrir eru.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna metnaðarfullri uppbyggingu í Breiðholti með því að fjölga fjölskylduíbúðum í Hólahverfi til að stuðla að heilbrigðri blöndun byggðar. Þá er mikilvægt að vandað verði til verka við hönnun nýrra göngustíga til að fegra ásýnd hverfisins. Hins vegar ber að sýna varkárni þegar byggt er á svæðum sem áður voru nýtt til útivistar og undir sparkvöll hverfisins. Í póstnúmeri 111 standa íbúar frammi fyrir gríðarlegum áskorunum þar sem skipulagt íþróttar-, frístunda- og tómstundastarf Leiknis, Aþenu og ÍR spilar lykilhlutverk í forvörnum og inngildingu barna. Því má það ekki verða vani að fórnar opnum íþróttasvæðum í nærumhverfinu án þess að bætt sé markvisst í og stundað virkt samráð við staðbundna grasrót. Fjárfesting í innviðum úthverfa á alltaf að setja þarfir fólksins í hverfinu í forgang. Samfylkingin leggur ríka áherslu á að útboðsskilmálar tryggi að nýir leikvællir og opin svæði á aðlægu borgarlandi verði raunverulega opin, snyrtileg og aðgengileg öllum íbúum hverfisins til frambúðar, en ekki einangruð í þágu nýrra byggingakjarna.

9. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. september 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja fasteignir Ísaksskóla að Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík til sjálfseignarstofnunar Skóla Ísaks Jónssonar, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK26090114

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar samþykkir sölu húsnæðis Skóla Ísaks Jónssonar við Bólstaðarhlíð 20 til sjálfseignarstofnunar skólans. Með sölunni er fylgt eftir því fyrirkomulagi sem Reykjavíkurborg og skólinn sömdu um árið 2011, þegar borgin keypti húsnæðið en skólanum var jafnframt tryggður kaupréttur til 15 ára með það að markmiði að hann gæti eignast húsnæðið á ný þegar fjárhagsstaða leyfði. Kaupverðið er rúmar 456,8 m.kr. og tekur mið af upphaflegu kaupverði, þróun byggingarvísitölu og kostnaði Reykjavíkurborgar vegna meiriháttar viðhalds síðustu ára. Með samningnum eignast skólinn á ný húsnæðið sem hann hefur starfað í og haft til umráða um árabíl. Jafnframt er mikilvægt að Reykjavíkurborg heldur forkaupsrétti að fasteigninni verði hún síðar seld til utanaðkomandi aðila. Það er ánægjulegt að Skóli Ísaks Jónssonar eignist aftur húsnæðið sem hefur verið heimili skólans um árabíl. Það styrkir sjálfstæði skólans og skapar traustari umgjörð um starfsemi hans til framtíðar.

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. september 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð afturkalli úthlutun og rifti lóðarleigusamningum við söfnuð Moskvu-Patríarkatsins vegna lóða við Bræðraborgarstíg 2 og Bakkastíg 8, ásamt fylgiskjöllum. Frestað.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum leið með rafrænum hætti.
USK26080206

11. Lagt fram umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. september 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð afturkalli úthlutun lóðarinnar Suðurlandsbraut 76 til Félags Múslima á Íslandi, ásamt fylgiskjöllum. Frestað.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum leið með rafrænum hætti.
USK26080221

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, dags. 16. september 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á tillögu að fegrunarviðurkenningum Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 vegna vandaðra lóða og endurbóta á eldri húsum, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjöllum. Trúnaður ríkir um viðurkenningarnar þar til afhending þeirra fer fram. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 11.00 vikur borgarstjóri af fundinum. USK26050242

13. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 14. september 2026, með sex mánaða uppgjöri þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir janúar - júní 2026, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna hálfársuppgjöri þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sem skilar nettórekstri upp á 58 milljónir króna innan fjárheimilda og tekjum vel umfram áætlanir. Þessi góða staða sýnir mikinn innri aga, vönduðu vinnubrögð stjórnenda og hagsýni starfsfólks á gólfinu sem einkennt hafa daglegan rekstur stafrænna innviða og grunnþjónustu borgarinnar á fyrri hluta ársins. Það kemur hins vegar ekki fram í þessum rekstrartölum hversu mikið stafræn þjónusta hefur tekið stakkaskiptum í þágu íbúa. Fjöldmörg tækniverkefni sviðsins hafa einfaldað samskipti og ferla, sem skilar sér í auknum tímasparnaði og mælanlegri hagræðingu á öðrum sviðum borgarinnar. Horfa verður til þessa samfélagslega ábata áður en ákvarðanir eru teknar um áframhaldandi niðurskurð á mikilvægum innviðum.

Óskar Sandholt og Arna Ýr Sævarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
PON26070006

14. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 10. september 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja næsta fasa verkefnisins, tenging LUKR við Mínar síður, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Verkefnið er gott dæmi um hvernig stafræn þróun getur bæði bætt þjónustu við íbúa og einfaldað störf innan borgarkerfisins. Í dag kalla mörg umsóknarferli á handvirka skráningu, viðbótargögn og ítrekuð samskipti, sem lengir afgreiðslutíma og eykur hættu á villum. Með næsta fasa tengingar LUKR við Mínar síður verða fimm ný umsóknarferli þróuð og fjögur núverandi ferli endurbætt. Með gagnvirkri kortavirkni, greiðsluferlum og sjálfvirku gagnaflæði verður þjónustan einfaldari og skýrari fyrir íbúa um leið og dregið er úr handskráningu og tvískráningu hjá starfsfólki. Sérstaklega er jákvætt að verkefnið byggir upp endurnýtanlega tæknilega lausn sem hægt verður að nýta í fleiri þjónustuferlum borgarinnar. Þannig á stafræn þróun að virka. Ekki sem stök tækniverkefni heldur sem fjárfesting sem bætir þjónustu, einfaldar borgarkerfið og skilar mælanlegum

ávinningi. Verkefnið styður þannig vel við áherslu meirihlutans á þjónustuvæðingu og árangursmenningu í borgarkerfinu.

Óskar Sandholt og Arna Ýr Sævarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
PON26090017

15. Lögð fram svohljóðandi tillaga formanns borgarráðs, dags. 14. september 2026:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði, í samstarfi við viðkomandi fagsvið og lykilstofnanir borgarinnar, að draga saman helstu tækifæri Reykjavíkurborgar á sviði snjallborgarlausna. Einnig skal leggja mat á hvar slíkar lausnir geta stutt við eða hraðað verkefnum á verkefnalista meirihluta Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks. Í fyrstu skal líta til helstu borga á Norðurlöndunum og draga saman yfirlit yfir helstu áherslur þeirra og hvaða lærdóm megi draga af því sem þar hefur verið gert.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Óskar Sandholt og Arna Ýr Sævarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
MSS26090054

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar leggur mikla áherslu á að Reykjavík sé í fremstu röð þegar kemur að hagnýtingu tæknilausna til að bæta þjónustu, rekstur og lífsgæði borgarbúa. Tækifærin eru fjölmörg, hvort sem litið er til umferðarljósastýringa og umferðaröryggis, reksturs borgarlandsins á borð við snjómokstur og sorphirðu, velferðarþjónustu, vöktunar lífríkis eða annarra verkefna borgarinnar. Reykjavíkurborg býr þegar yfir miklu magni gagna, stafrænum innviðum og tæknilegri þekkingu. Næsta skref er að kortleggja tækifærin með markvissum hætti og forgangsraða þeim út frá ávinningi, kostnaði og framkvæmanleika. Tæknin er ekki markmið í sjálfu sér heldur verkfæri til að leysa raunverulegar áskoranir. Því er jafnframt mikilvægt að horfa til reynslu annarra norrænna borga og læra af lausnum sem þar hafa gefist vel. Kortlagningin á að skapa sameiginlegan grunn fyrir næstu skref og beina fjárfestingum þangað sem tæknin getur skilað mestum og mælanlegum ávinningi fyrir borgina og íbúa hennar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja tillögu um kortlagningu á snjallborgartækifærum í Reykjavík. Það er skynsamlegt að skoða hvort nýta megi gögn, skynjara og gervigreind til að bæta almenningssamgöngur, stýra umferðarflæði og draga lærdóm af öðrum norrænum borgum. Snjallborgarlausnir eiga að snúast um að leysa raunverulegar þarfir íbúanna og bæta lífsgæði í nærumhverfinu. Það lýsir hins vegar ákveðinni skammsýni að einskorða þessa vinnu sérstaklega við það hvernig tæknilausnir geti flýtt verkefnum á tilteknum verkefnalista sitjandi meirihluta. Stafrænir innviðir og opin gögn eiga að þjóna almannahagsmunum óháð flokkspólitískum línum. Við erum að vinna fyrir alla borgarbúa og það á að vera kappsmál að nota nýja tækni til að auka jöfnuð, styðja við viðkvæmustu hópana, draga úr mengun og bæta nærþjónustu og einfalda líf fólks í þeim hverfum þar sem áskoranirnar eru mestar. Snjallborgarstefna á að vera vönduð

langtímaáætlun fyrir alla borgina. Horfa verður til þessa samfélagslega ábata áður en ákvarðanir eru teknar um framhaldið.

Borgarráðsfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun.

Miðflokkurinn fagnar þessari tillögu, enda ljóst að mikil tækifæri felast í því að bæta starfsemi borgarinnar og umgjörð borgarlífsins með hagnýtingu þeirra tæknilegu lausna sem eru í boði. Þetta á t.d. augljóslega við í sambandi við snjallstýringu umferðarljósa, þar sem þörf er á nýrri stjórnunarlegri nálgun frá því sem verið hefur, svo unnt verði að hagnýta tæknipróun í þágu greiðari umferðar.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Við kortlagningu snjallborgartækifæra þarf einnig að huga að umhverfisverndarsjónarmiðum. Með þróun gagnavera hafa rannsóknir ítrekað bent á skaðleg áhrif þeirra á lífríki, vatnsvernd og loftslag. Gervigreindin býður upp á mörg tækifæri en passa þarf að ábatinn sé aldrei á kostnað umhverfisins og framtíðarkynslóða. Einnig þarf að tryggja mannlega aðkomu í ákvarðanatöku því tæknin er aðeins verkfæri.

16. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 15. september 2026, um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026.
Vísað til borgarstjórnar.

Guðni Guðmundsson, Halldóra Káradóttir, Hróðný Njálsdóttir, Karl Einarsson og Ragnheiður Sigvaldadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS26030008

17. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. september 2026, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu matsnefndar um að hafna umsókn um stofnframlag frá Reykjavíkurborg til Vogunar ehf. fyrir hönd óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (hses.) vegna: 10 leiguíbúða, kaupáætlun; Eddufell 6, stofnvirði kr. 726.085.000 og 12% stofnframlag kr. 87.130.200. Í meðförum HMS hefur stofnvirði verkefnis verið lækkað í kr. 610.964.000 og 12% stofnframlag Reykjavíkurborgar því kr. 73.315.680. Ofangreind tillaga um að hafna stofnframlagi var samþykkt af matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga 10. september 2026.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS26090013

18. Lagt fram bréf menninga- og íþróttasviðs, dags. 11. september 2026, sbr. samþykkt menningarráðs frá 11. september 2026 á reglum menningarráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála og samþykkt menningarráðs sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins frá 28. ágúst 2026, ásamt fylgiskjöllum. Jafnframt lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. september 2026.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks fagnar uppfærslu á reglum menningarráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga á sviði menningarmála. Ein helsta breytingin felst í því að gera styrkjaflokkana skýrari og aðgengilegri fyrir listafólk og aðra sem hyggjast sækja um stuðning til menningarverkefna. Grasrótastyrkir verða sérstaklega ætlaðir nýju og upprennandi listafólki og verða að jafnaði á bilinu 200–800 þúsund krónur. Verkefnastyrkir verða á bilinu 800 þúsund til 3 milljónir króna og samstarfssamningar 1,5–6,5 milljónir króna. Með þessu viljum við opna dyrnar enn frekar fyrir nýju fólki, nýjum verkefnum og nýjum hugmyndum í menningarlífi borgarinnar. Jafnframt hafa kröfur um samninga vegna smærri styrkja verið einfaldaðar, með það að markmiði að draga úr óþarfa umsýslu og gera ferlið aðgengilegra fyrir umsækjendur.

Steinþór Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MIR26060017

19. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. september 2026, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga (hér eftir Sambandið) umboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög, sjá meðfylgjandi drög að samkomulagi um kjarasamningsumboð. Jafnframt verði samninganefnd Reykjavíkurborgar í kjaraviðræðum leyst undan störfum. Samhliða flutningi á kjarasamningsumboði verði sameiginlegt eignarhald og ábyrgð á sameignarfélagi aðila, Jafnlaunastofu sf. endurskoðað. Þá verði sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs falið að útfæra breytingar á skrifstofu kjaramála vegna þessa breytinga.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með fimm atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar, Miðflokksins, og Framsóknarflokksins gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða 3. mgr. 46. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Lóa Birna Birgisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MOS26080002

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Það vekur upp spurningar að kjörnir fulltrúar í Reykjavík – sem bera ábyrgð á tæplega 9.300 stöðugildum og rekstri flóknustu velferðar- og menntakerfa landsins – vilji fría sig pólitískri ábyrgð á kjarasamningum eigin starfsfólks. Reykjavík telur ríflega þriðjung allra íbúa landsins og um 64% íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Að stærsti atvinnurekandinn á sveitarstjórnarstiginu ætli að afhenda kjarasamningsumboð sitt í heild sinni til hagsmunasamtaka úti í bæ, í stað þess að leiða slíkar viðræður og bera ábyrgð gagnvart vinnandi fólki í borginni, lýsir ákveðnum lýðræðishalla og stefnuleysi. Það er sjálfsgöð viðleitni að leita leiða til að hagræða og spara í útgjöldum borgarinnar og hér eru boðuð hagræðing upp á

65 m.kr. Það er vel en sá sparnaður yrði skammgóður vermir ef hann leiðir til þess að borgin fórni meiri hagsmunum við kjarasamningsborð í framtíðinni.

Áheyrnarfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstrisins mótmælir þessari tillögu og telur að Reykjavíkurborg eigi sjálf að sinna kjarasamningsgerð og bera ábyrgð gagnvart fólkinu sem vinnur fyrir hana í stað þess að færa ákvarðanatöku frá borginni og firra sig þannig pólitískri ábyrgð.

20. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. september 2026, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavík og Tama borg í Japan verði vinaborgir. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að bjóða fimm manna sendinefnd frá Tama borg í opinbera heimsókn til Reykjavíkur í október þar sem vinaborgarsamningur verður undirritaður. Reykjavíkurborg greiðir kostnað við gistingu, uppihald og akstur sendinefndarinnar

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt. MSS26080080

21. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. september 2026, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki áframhaldandi samstarf um framkvæmd rannsóknarinnar Reykjavík Index á Íslandi fyrir árið 2026 í samræmi við hjálagðan samning. Reykjavíkurborg leggur til fjárframlag fyrir gagnaöfluninni sem fer fram á Íslandi árið 2026 að upphæð kr. 1.000.000. Kostnaður greiðist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt. MSS26090034

22. Lögð fram að nýju fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingar um breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, sbr. 2. liður fundargerðar borgarráðs frá 25. ágúst 2026. Einnig lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 14. september 2026. MSS26080094

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar þakka svör við fyrirspurnum flokksins um skipulagsbreytingar á velferðar- og skólasviðum. Fyrirliggjandi gögn sýna hins vegar að ákvarðanir hafa verið teknar hratt. Það veldur áhyggjum að engar skýrar grunnlínur eða þjónustuáætlanir liggja fyrir um afgreiðsluhraða eða biðtíma milli hverfa. Með þessari umfangsmiklu miðstýringu og flutningi inn á skrifstofur í Borgartúni og Bíldshöfða er gengið gegn þróun á Norðurlöndunum, sem sýnir að dreifstýring og staðbundin nærþjónusta skili mestum árangri. Sú stefnubreyting að leggja niður þjónustumiðstöðvarnar og loka Virkni húsi fellur illa að þeim sjónarmiðum, en Virkni húsið hefur sannað ríkan fjárhagslegan ábata með því að aðstoða fólk af fjárhagsaðstoð og út í virka atvinnu sem hefur skilað hundruð milljóna árlega. Ábyrg og vönduð stjórnun er af hinu góða sem við styðjum, en þessar aðgerðir mega ekki bitna á þeim sem eru í viðkvæmastri stöðu eða reynast margfalt dýrari til lengri tíma lítið. Enn er tækifæri til að staldra við og gæta meiri

forsjár. Samfylkingin kallar eftir því að staðbundin þjónusta verði tryggð, til dæmis með því að opna sérstaka hverfamiðstöð í Breiðholti þar sem þörfin er ríkust og endurmeta niðurlagningu Virknihúss.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar starfsfólki fyrir einstaklega skjót og vönduð svör við umfangsmikilli fyrirspurn minnihlutans. Jafnframt er minnihlutanum þakkað fyrir að hafa lagt fram svo ítarlegar spurningar. Svörin draga með skýrum hætti fram hversu illa ýmsar fullyrðingar sem settar hafa verið fram í opinberri umræðu undanfarnar vikur samræmast staðreyndum málsins. Þjónusta er ekki að hverfa úr nærumhverfi, sérfræðiþjónusta við skóla verður áfram veitt á vettvangi og breytingarnar beinast einkum að stjórnunar-, stoð- og skrifstofustörfum en ekki framlínustörfum í skólum og frístundastarfi. Meirihlutinn væntir þess að þessar ítarlegu upplýsingar verði tilefni til þess að rangfærslur í opinberri umræðu verði leiðréttar og að áframhaldandi umræða um breytingarnar byggist á staðreyndum fremur en málatilbúnaði sem hefur af tilefnislausu skapað ótta og óvissu meðal starfsfólks, foreldra og barna og annarra þjónustuþega.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Svörin benda til þess að þörf var á meiri undirbúningi áður en tillaga um stjórnkerfisbreytingar var samþykkt. Samantekt á leigusamningum, heildarmat á einkiptiskostnaði og þjónustumælikvarðar lágu ekki fyrir. Tekið er fram í svörum að verið sé að vinna að grunnlínu núna þar sem engin samræmd grunnlína lá fyrir breytingar. Því er bent á að grunnlínan verður ávalt skökk þar sem grunnlínan endurspeglar ekki starfsemi miðstöðvanna fyrir uppsagnir. Það er greinilega enn margt óútfært og því spurning hversu mikið af breytingunum munu ganga eftir og hver raunverulegur sparnaður verður. Það er góðs viti að víða er tekið fram að verið sé að vinna með ábendingar starfsfólks m.a. um mikilvægi sérþekkingar í málaflokki flóttafólks og annarra innflytjenda, áskoranir um móttöku fyrir viðkvæma hópa og ferðir starfsfólks milli starfsstaða og vettvangs. Nauðsynlegt verður að tryggja ríkt upplýsingaflæði á innleiðingartímanum til allra hagsmunaaðila.

23. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstreisins um jafnréttisskimun á tillögu um breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, sbr. 19. liður fundargerðar borgarráðs frá 27. ágúst 2026. Einnig lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 14. september 2026. MSS26080087

Áheyrnarfulltrúi Vinstreisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ólíkt því sem haldið er fram í svarinu þá er ljóst að þessar breytingar hafa áhrif á aðgengi og þjónustu til einstakra hópa borgarbúa.

24. Lögð fram að nýju fyrirspurn Vinstreisins um afdrif fyrirspurn, sbr. 14. liður fundargerðar borgarráðs frá 10. september 2026. Einnig lagt fram svar skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. september 2026. MSS26090044
25. Lögð fram að nýju fyrirspurn Sósíalistasflokks Íslands um stöðu verkefna á verkefnalista meirihlutans, sbr. 17. liður fundargerðar borgarráðs frá 10. apríl 2026. Einnig lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 15. september 2026. MSS26090042

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekki er rétt að halda því fram að öllum 100 daga verkefnum meirihlutans sé lokið heldur í besta falli hafin. Mælanlegu markmiðin um aukinn árangur í skólasterfi eru aðeins tvö og ná því engan vegin yfir þær áskoranir sem eru í skólakerfinu. Meirihlutinn hefur ekki sniðið nýja umgjörð um dagheimili því tillaga að slíku hefur ekki farið í gegnum neitt ráð. Að halda því fram að því verkefni að fjarlægja aðskotahluti sé lokið er hæpið miðað við að aðeins er búið að fjarlægja þrjá aðskotahluti. Jafnframt er ekki hægt að segja að búið sé að skoða ný tækifæri um uppbyggingu í Grafarvogi þegar íbúafundir munu eiga sér stað á næstu vikum. Ekki er hægt að fullyrða að búið sé að tryggja sérstaklega að bílastæði fylgi nýjum íbúðum fyrir eldra fólk þar sem engin tillaga um slíkt hefur verið lögð fram heldur varhámarksfjöldi bílastæða afnumin sem var undir öðru verkefni á listanum. Það er ekki búið að innleiða tilkynningarvef vegna ofbeldis gagnvart eldra fólki. Verkefnalisti meirihlutans hefur verið afar sniðugt markaðstól en það er ekki rétt að fullyrða að verkefnum sé lokið einungis til þess að mæta eigin skilafresti, þegar verkefnin eru aðeins hafin og öll útfærsla stendur eftir.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar starfsfólki fyrir skjót og greinargóð svör við ítarlegri fyrirspurn um stöðu verkefna á 100 daga verkefnalista meirihlutans. Fyrirspurnin er jafnframt kærkomið tækifæri til að draga saman þann árangur sem náðst hefur á fyrstu hundrað dögum kjörtímabilsins. Svörin sýna að verkefnin eru ekki óljósar viljayfirlýsingar heldur hafa þau leitt til fjölmargra formlegra ákvarðana og aðgerða. Mælanleg markmið um námsárangur hafa verið skilgreind, rannsókn á áhrifum símafrís er í undirbúningi, vinna við nýtt daggæslustig hafin og samkomulag gert um uppbyggingu skólahúsnæðis. Breytingar á bílastæðamálum hafa verið samþykktar, fyrra deiliskipulagi við Suðurlandsbraut hafnað, reglum um íbúðasamsetningu breytt og hámark bílastæða við nýbyggingar afnumið. Verkefnalistiinn var settur fram til að skapa skýrt aðhald. Borgarbúar eiga að geta séð hvað meirihlutinn ætlar að gera og fylgst með framvindunni. Fyrirspurnin undirstrikar einmitt gildi þess að stjórnámálamenn setji sér skýr og sannreynanleg verkefni og geri opinberlega grein fyrir því hvernig þeim miðar. Við erum stolt af árangrinum.

26. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 15. september 2026, við fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, sem kynnt var á borgarstjórnarfundi 8. september 2026 og afhent borgarstjóra. MSS26080087

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekki er rétt að halda því fram að öllum 100 daga verkefnum meirihlutans sé lokið heldur í besta falli hafin. Mælanlegu markmiðin um aukinn árangur í skólasterfi eru aðeins tvö og ná því engan vegin yfir þær áskoranir sem eru í skólakerfinu. Meirihlutinn hefur ekki sniðið nýja umgjörð um dagheimili því tillaga að slíku hefur ekki farið í gegnum neitt ráð. Að halda því fram að því verkefni að fjarlægja aðskotahluti sé lokið er hæpið miðað við að aðeins er búið að fjarlægja þrjá aðskotahluti. Jafnframt er ekki hægt að segja að búið sé að skoða ný tækifæri um uppbyggingu í Grafarvogi þegar íbúafundir munu eiga sér stað á næstu vikum. Ekki er hægt að fullyrða að búið sé að tryggja sérstaklega að bílastæði fylgi nýjum íbúðum fyrir eldra fólk þar sem engin tillaga um slíkt hefur verið lögð fram heldur

varhámarksfjöldi bílastæða afnumin sem var undir öðru verkefni á listanum. Það er ekki búið að innleiða tilkynningarvef vegna ofbeldis gagnvart eldra fólki. Verkefnalisti meirihlutans hefur verið afar sniðugt markaðstól en það er ekki rétt að fullyrða að verkefnum sé lokið einungis til þess að mæta eigin skilafresti, þegar verkefnin eru aðeins hafin og öll útfærsla stendur eftir.

27. Lögð fram fundargerð endurskoðunarnefndar frá 7. september 2026. MSS26010004
28. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 28. ágúst 2026. MSS26010019
29. Lögð fram fundargerð öldungaráðs frá 4. september 2026, MSS26070008
30. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 16. september. 12. liður fundargerðarinnar er samþykktur. MSS26010020
31. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem hafa borist borgarráði (MSS22030266, MSS26010013, MSS22030265, MSS26010006, MSS26090035, MSS26010029, MSS26010029, MSS26090051, MSS26060135, MSS24100050, FAS26080018, MSS26090046). MSS26080116
32. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS26080117
33. Lögð fram styrkumsókn Félags Grikkja á Íslandi sem barst borgarráði utan umsóknartíma. Styrkumsókninni er hafnað. MSS25020031
34. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

Óskað er eftir upplýsingum um fjölda endurráðninga þeirra sem sagt var upp í síðastliðnum uppsagnaraðgerðum Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar. MSS26090068
35. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

Hver er áætlaður kostnaður vegna uppsetningar nágrannavörsluskilta? Þá er einnig spurt út í annan áætlaðan kostnað sem tengist nágrannavörsluskiltum líkt og auglýsingakostnað og annars konar kostnað sem kann að falla til. Af hvaða kostnaðarlið færir þessi kostnaður?

Vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. MSS26090069

36. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að leggja mánaðarlega eða oftar fram upplýsingar í borgarráði um framvindu innleiðingar á breyttu stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem samþykkt var í borgarráði 25. ágúst sl.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. MSS26090067

37. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að undirbúa kynningu og stöðumat fyrir fagrað borgarinnar á þeim verkefnum í fjárfestingaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar sem hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir samkvæmt viðauka við fjárhagsáætlun sem lagt er fram í borgarráði 17. september.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. MSS26090071

38. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Sósíalistasflokks Íslands:

Óskað er eftir úttektinni á skipulagi og þjónustu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem unnin var 2023–2024. MSS26090073

Fundi slitið kl. 12:10

Einar Þorsteinsson

Ari Edwald
Björg Magnúsdóttir
Skúli Helgason

Bjarni Guðjónsson
Pétur Hafliði Marteinsson
Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir